



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Þriðjudagur, 5. maí 2020

Ákvörðun nr. 19/2020

Samruni Brims hf., Fiskvinnslunnar Kambs hf. og Grábrókar ehf. og meint yfirráð í Brimi hf.

Samantekt

Með ákvörðun þessari er tekin afstaða til samruna Brims hf. (áður HB Granda hf.), Fiskvinnslunnar Kambs hf. og Grábrókar ehf. en félögin starfa á sviði fiskveiða og fiskvinnslu.

Við meðferð málsins kom í ljós að tiltekin viðskipti Útgerðarfélag Reykjavíkur hf. og tengdra aðila höfðu átt sér stað á árinu 2019 með eignarhluti í Brimi, sem að mati Samkeppniseftirlitsins voru til þess fallin að hafa áhrif á mat á yfirráðum í félaginu í skilningi samkeppnislaga. Enga umfjöllun um þessi viðskipti var að finna í samrunaskrá vegna kaupa Brims á Kambi og Grábrók og taldi eftirlitið því vafa um það hvort tilkynning vegna samrunans gæti talist fullnægjandi í skilningi 17. gr. samkeppnislaga og reglna nr. 684/2008. Þar sem mat á yfirráðum í Brim var talin forsenda þess að unnt væri að taka efnislega afstöðu til samrunans var þessi þáttur málsins tekinn til nánari skoðunar.

Við meðferð málsins taldi Samkeppniseftirlitið þannig óhjákvæmilegt að taka til skoðunar hvort stofnast hefði til yfirráða Útgerðarfélag Reykjavíkur og tengdra aðila í Brimi, en niðurstaða þess gat haft áhrif á efnislega niðurstöðu málsins. Við meðferð málsins lýsti eftirlitið því frummati gagnvart samrunaaðilum að slík yfirráð væru til staðar. Mótmæltu samrunaaðilar því frummati.

Að undangenginni framangreindri rannsókn, taldi Samkeppniseftirlitið forsendur til þess að taka efnislega afstöðu til hins tilkynnta samruna án þess að endanleg niðurstaða um yfirráð Útgerðarfélag Reykjavíkur og tengdra aðila í Brimi lægju fyrir. Þannig tók Samkeppniseftirlitið til skoðunar hvort hin mögulegu yfirráð yfir Brimi eða önnur atriði samrunans, leiddu af sér samkeppnishindranir í þessu tiltekna samrunamáli. Með ákvörðun þessari er komist að þeirri niðurstöðu að samruninn hindri ekki virka samkeppni, jafnvel þótt möguleg yfirráð Útgerðarfélag Reykjavíkur og tengdra aðila í Brimi séu lögð til grundvallar.

Í ákvörðuninni er jafnframt boðað að tekin verði nánari ákvörðun um tilvist fyrrgreindra yfirráða í sjálfstæðu stjórnsýslumáli, þar sem frekari gagna og sjónarmiða verður aflað frá aðilum málsins. Í því máli verður tekin afstaða til þess hvort að við mögulega myndun yfirráða í Brimi hafi verið framkvæmdur samruni af hálfu aðila í andstöðu við 3. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga.



I.

Málavextir og málsmeðferð

Samruninn var tilkynntur Samkeppniseftirlitinu þann 16. desember 2019. Með tilkynningunni fylgdi svokölluð styttri samrunaskrá í samræmi við 6. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga nr. 44/2005 og reglur eftirlitsins nr. 648/2008, með síðari breytingum.

Með tölvupósti, dags. 7. janúar 2020, óskaði Samkeppniseftirlitið eftir frekari gögnum frá samrunaaðilum vegna samrunans. Í póstinum kom m.a. fram að á árinu 2019 hefði verið tilkynnt um ýmis viðskipti aðila fjárhagslega tengdum Brimi og um breytingar á verulegum hlut atkvæðisréttar í félaginu. Enga umfjöllun um þetta væri hins vegar að finna í samrunatilkynningunni. Þess var óskað að Samkeppniseftirlitinu yrði afhent ítarleg samantekt á þeim viðskiptum sem um ræddi í tímaröð og eftir atvikum önnur sjónarmið Brims sem félagið teldi þýðingu hafa. Þess var jafnframt óskað að viðeigandi fylgiskjöl fylgdu samantektinni. Til viðbótar var óskað nánari skýringa á öðrum atriðum tilkynningarinnar.

Gögn og skýringar samrunaaðila bárust Samkeppniseftirlitinu með bréfi, dags. 13. janúar 2020.

Með tölvupósti til samrunaaðila, dags. 15. janúar 2020, óskaði Samkeppniseftirlitið eftir upplýsingum um hluthafa Útgerðarfélags Reykjavíkur hf., hverjir væru eigendur eða hluthafar þeirra hluthafa o.s.frv., þannig að fyrir lægi hverjir væru endanlegir eigendur (einstaklingar) Útgerðarfélags Reykjavíkur. Þá var óskað að upplýst yrði um allar breytingar sem orðið hefðu á eignarhaldi Útgerðarfélags Reykjavíkur árið 2019 og það sem af væri árið 2020. Til viðbótar var óskað eftir kaupsamningum og öllum undirbúningsgögnum vegna viðskipta sem lýst hafði verið í svarbréfi samrunaaðila, dags. 13. janúar 2020.

Svör samrunaaðila bárust 16. janúar 2020 en upplýst var að Útgerðarfélag Reykjavíkur yrði að svara fyrir þau atriði gagnabeiðninnar er vörðuðu það félag sérstaklega.

Hinn 20. janúar 2020 óskaði Samkeppniseftirlitið eftir umræddum upplýsingum frá Útgerðarfélagi Reykjavíkur, þ.e. um hverjir væru hluthafar félagsins. Þá var þess óskað að upplýst yrði um allar breytingar sem orðið hefðu á eignarhaldi Útgerðarfélags Reykjavíkur árið 2019 og það sem af væri árið 2020. Til viðbótar var óskað eftir kaupsamningum, undirbúningsgögnum og upplýsingum um fjármögnun vegna kaupa Útgerðarfélags Reykjavíkur á öllum hlutum í FISK-Seafood eignarhaldsfélagi ehf. í september 2019 og vegna sölu Útgerðarfélags Reykjavíkur á hlutafé í Brim til KG Fiskverkunar ehf. í nóvember 2019.

Með bréfi, dags. 23. janúar 2020, tilkynnti Samkeppniseftirlitið að í ljósi þess að eftirlitinu hefðu ekki að fullu borist þau gögn og upplýsingar sem óskað hefði verið eftir væri ekki enn unnt að taka afstöðu til þess hvort samrunatilkynningin gæti talist fullnægjandi í skilningi 17. gr. samkeppnislaga og reglna nr. 684/2008. Af þeirri ástæðu væri ekki hægt að slá því föstu að frestir Samkeppniseftirlitsins til að rannsaka samrunann hefðu byrjað að líða. Færi svo að upplýsingar sem Samkeppniseftirlitið hefði óskað eftir sýndu fram á að samrunatilkynningin hefði verið fullnægjandi þegar henni var skilað 16. desember 2019 væri tilkynnt með fyrirvara á grundvelli fyrrgreindra sjónarmiða að eftirlitið teldi ástæðu til



frekari rannsóknar á samkeppnislegum áhrifum samrunans, sbr. 1. mgr. 17. gr. d samkeppnislaga.

Svör Útgerðarfélags Reykjavíkur við upplýsingabeiðninni bárust Samkeppniseftirlitinu síðar þann sama dag, 23. janúar 2020.

Með bréfi, dags. 27. febrúar 2020, tilkynnti Samkeppniseftirlitið Brimi um það frummat sitt að samrunatilkynningin væri ófullnægjandi í ljósi þess að í henni hefði ekki verið getið um yfirráð Útgerðarfélags Reykjavíkur, Fiskitanga ehf., Guðmundar Kristjánssonar, KG Fiskverkunar ehf. og Fisk-Seafood eignarhaldsfélags ehf. í Brimi en að frummati eftirlitsins hefði stofnast til þeirra yfirráða eigi síðar en 8. september 2019.

Í frummati Samkeppniseftirlitsins var m.a. vísað til þess að á framangreindum tímapunkti hefðu verið undirritaðir kaupsamningar um kaup Útgerðarfélags Reykjavíkur á öllu hlutfé FISK-Seafood eignarhaldsfélags sem aftur ætti 10,78% hlutfjár í Brimi og kaup Brims á öllu hlutfé sölufélaga sem áður hefði verið í eigu Útgerðarfélags Reykjavíkur. Enn fremur hefði þá legið fyrir að hluthafafundur Brims hefði samþykkt útgáfu nýs hlutfjár sem afhent skyldi Útgerðarfélagi Reykjavíkur vegna síðarnefndu kaupanna. Samanlögð hlutdeild þessara aðila næmi 49,29% útgefins hlutfjár Brims en 52,76% að teknu til hlutfjárhækkunarinnar.

Hvað tengsl KG Fiskverkunar við framangreinda aðila varðar vísaði Samkeppniseftirlitið m.a. til þess að Guðmundur Kristjánsson, stjórnarmaður Brims og þáverandi forstjóri félagsins, væri stærsti óbeini hluthafi Útgerðarfélags Reykjavíkur (74% hlutur en 86% að teknu tilliti til beinnar og óbeinnar eignar Útgerðarfélags Reykjavíkur í sjálfu sér), væri bróðir eiganda alls hlutfjár KG Fiskverkunar, Hjálmars Þórs Kristjánssonar. Þá væri systir Guðmundar og Hjálmars jafnframt einn stærsti óbeini hluthafi Útgerðarfélags Reykjavíkur (12% hlutur en 14% að teknu tilliti til beinnar og óbeinnar eignar Útgerðarfélags Reykjavíkur í sjálfu sér). Þá ætti saga framangreindra fjölskyldumeðlima um viðskiptalegt samstarf sér langa sögu.

Að frummati Samkeppniseftirlitsins væri ekkert sem benti til þess að vatnskil hefðu orðið í viðskiptatengslum og sameiginlegum hagsmunum bræðranna Guðmundar og Hjálmars Þór Kristjánssona, enda þótt gripið hefði verið til ráðstafana til að breyta ásýnd tengslanna. Þá benti rannsókn Samkeppniseftirlitsins til þess að þótt einungis væri horft til hlutdeildar Útgerðarfélags Reykjavíkur, Fiskitanga, Guðmundar Kristjánssonar og FISK-Seafood eignarhaldsfélags í Brimi, þá kynni hún ein og sér að hafa verið nægjanleg til að viðhalda yfirráðum aðilanna.

Athugasemdir Brims og Útgerðarfélags Reykjavíkur vegna frum matsins bárust Samkeppniseftirlitinu 13. mars 2020. Þar var frummati Samkeppniseftirlitsins um stofnun yfirráða Útgerðarfélags Reykjavíkur og tengdra aðila í Brimi mótmælt af hálfu Útgerðarfélags Reykjavíkur. Þá var því mótmælt af hálfu Brims að slíkt frummat gæti haft áhrif á meðferð samrunamáls Brims, Kambs og Grábrókar.

Í mars og apríl 2020 átti Samkeppniseftirlitið í frekari samskiptum við samrunaaðila vegna málsins í gegnum tölvupóst, síma og fjarfundabúnað. Í tölvupósti, dags. 8. apríl 2020, upplýstu samrunaaðilar að áætlanir stæðu til þess að loka fiskvinnslu Brims við Norðurgarð í Reykjavík á næstu vikum og færa alla fiskvinnslu til Kambs meðan endurbætur stæðu yfir



í Norðurgarði. Af hálfu samrunaaðila kom jafnframt fram að af þessum ástæðum væri afar brýnt að fá efnislega niðurstöðu í málinu um hvort samruninn raskaði samkeppni.

Að undangenginni þeirri gagnaöflun og rannsókn sem lýst var hér að framan, m.a. um möguleg yferráð í Brimi, taldi Samkeppniseftirlitið, eins og atvikum er háttað í þessu máli, forsendur til þess að taka efnislega afstöðu til hins tilkynnta samruna án þess að endanleg niðurstaða um yferráðin lægi fyrir. Þannig tók Samkeppniseftirlitið til skoðunar hvort hin mögulegu yferráð í Brimi eða önnur atriði samrunans, leiddu af sér samkeppnishindranir í þessu tiltekna samrunamáli. Á símafundi með samrunaaðilum þann 28. apríl 2020 voru þeir upplýstir um meðferð og stöðu málsins að þessu leyti.

Í framangreindu felst að í máli þessu tekur Samkeppniseftirlitið ekki endanlega afstöðu til mögulegra yferráða Útgerðarfélags Reykjavíkur og tengdra aðila í Brimi. Verður afstaða til þess tekin í sérstöku máli þar sem rannsakað verður hvort að við mögulega myndun yferráða í Brimi hafi verið framkvæmdur samruni af hálfu aðila í andstöðu við 3. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga. Í þeirri rannsókn verður aflað frekari sjónarmiða og gagna frá hlutaðeigandi aðilum.

II.

Samruninn

Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting verður á yferráðum til frambúðar. Samruni getur þannig m.a. falist í samruna tveggja eða fleiri fyrirtækja eða hluta úr fyrirtækjum sem áður störfuðu sjálfstætt, sbr. a-lið 1. mgr. 17. gr. laganna.

Í samrunatilkynningu kemur fram að með kaupsamningi, dags. 20. október 2019, hafi Brim keypt alla hluti í Grábrók af eina hluthafa félagsins, Stekkjarsölum ehf. Þá hafi Brim keypt alla hluti í Kambi af hluthöfum félagsins með kaupsamningi, dags. 21. október 2019. Fram kemur að kaupsamningarnir séu háðir hvor öðrum og beri því að líta á þá sem einn samruna við mat á samkeppnislegum áhrifum. Kaupin hafi verið samþykkt á hluthafafundi Brims þann 12. desember 2019. Ekki hafi verið tekin ákvörðun um að sameina félögin í félagaréttar- eða skattaréttarlegum skilningi heldur verði félögin, a.m.k. fyrst um sinn, rekin sem dótturfélög Brims.

Brim er íslenskt hlutafélag sem skráð er á aðalmarkað Nasdaq Iceland. Samkvæmt upplýsingum í samrunaskrá gerir félagið út níu fiskiskip og vinnur fiskafurðir á sjó í Reykjavík, á Akranesi og Vopnafirði. Félagið veiðir aðallega grálúðu, karfa, þorsk, ýsu, ufsa og gulllax en þó stundi félagið einnig veiðar á uppsjávarfisk. Brim stundar einnig vinnslu á botn- og uppsjávarfiski. Botnfiskvinnsla félagsins er í Reykjavík, Vopnafirði og frystitogurum félagsins. Vinnsla uppsjávarfisks fer fram á Vopnafirði og Akranesi, en þar eru auk þess starfræktar fiskimjölsværsmiðjur.

Að mati samrunaaðila hefur Brim bein eða óbein yferráð í eftirfarandi félögum (100% beinn eða óbeinn eignarhlutur):

Félag	Starfsemi
Ögurvík ehf.	Útgerðarfélag sem gerir út frystitogarann Vigra ER-71 frá Reykjavík en starfrækir enga landvinnslu. Sala á afla Vigra er 90% á erlenda markaði. Vigri leigir frá sér veiðiheimildir í



	makríl þegar þeirra nýtur við. Sjá ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 30/2018.
Faxaeldi ehf.	Engin starfsemi.
Norðanfiskur ehf.	Framleiðslufyrirtæki sem sérhæfir sig í áframvinnslu sjávarafurða í stóreldhús- og neytendapakkingar. Sjá ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 15/2014.
Blámar ehf.	Engin starfsemi.
Vignir G. Jónsson ehf.	Fullvinnur hrogn til sölu á erlenda markaði. Sjá ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 28/2013.

Þar að auki kemur fram að Brim eigi þriðjung hlutafjár í Laugafiski ehf. og fjórðung hlutafjár í Marine Collagen ehf. Félagið eigi ekki yfir 10% hlut í öðrum fyrirtækjum sem starfi á mörkuðum þar sem áhrifa samrunans gæti.

Samkvæmt samrunaskrá gerir Kambur (í gegnum dótturfélag sitt Grunn ehf.) út krókabátinn Kristján HF 100 sem smíðaður var árið 2018. Bátinum fylgir 2000 tonna krókaafلامark, að mestu í þorski. Þá rekur félagið fiskvinnslu í Hafnarfirði sem búin er nýlegum hátækni búnaði.

Grábrók gerir út krókabátinn Steinunni HF 108 sem smíðaður var árið 2007. Bátinum fylgir 850 tonna krókaafلامark, að mestu í þorski. Félagið rekur ekki fiskvinnslu en afli félagsins hefur verið unninn hjá Kambi.

Samkvæmt samrunaskrá voru tíu stærstur hluthafar Brims við lok dags þann 6. desember 2019 sem hér segir:

Hluthafi	Eignarhlutur
Útgerðarfélag Reykjavíkur	36,13%
LSR, A-deild	11,16%
Lífeyrissjóður verzlunarmanna	10,69%
FISK-Seafood eignarhaldsfélag ehf.	10,05%
KG Fiskverkun	6,50%
LSR, B-deild	3,71%
Birta Lífeyrissjóður	2,86%
Ingimundur Ingimundarson	2,45%
Brim hf.	2,29%
Stefnir ÍS 15	2,29%
Samtals	88,13%

Frá því samruninn var tilkynntur Samkeppniseftirlitinu hefur eignarhlutur tíu stærstu hluthafa tekið örlitlum breytingum til hækkunar eða lækkunar. Í grundvallaratriðum er samsetning hluthafahópsins hins vegar óbreytt sem og röð tíu stærstu hluthafa að því frátöldu að Brim á orðið 2,91% hlut í sjálfu sér og er því 7. stærsti hluthafinn miðað við hlutaskrá Brims sem síðast var birt á vef félagsins 31. mars 2020. Hlutaskráin hefur samkvæmt upplýsingum Samkeppniseftirlitsins tekið einhverjum breytingum síðan þá. Til að mynda hefur Útgerðarfélag Reykjavíkur minnkað eignarhlut sinn í Brimi. Stærsti endanlegi eigandi Útgerðarfélags Reykjavíkur er Guðmundur Kristjánsson, stjórnarmaður í Brimi og forstjóri Brims þar til 30. apríl 2020.



Samkvæmt samrunaskrá eru hluthafar Kambs átta talsins:

Hluthafi	Eignarhlutur
KG Fiskverkun ehf.	39,00%
Hinrik Kristjánsson	12,00%
Ingibjörg Kristjánsdóttir	12,00%
Klúka ehf.	12,00%
Jana ehf.	12,00%
Hólmur ehf.	12,00%
Fannar Hjálmarsson	0,05%
Daði Hjálmarsson	0,05%
Samtals	100,00%

Grábrók er eigandi alls hlutfjár í Stekkjarsölum ehf. Stekkjarsalir eru svo aftur í fullri eigu KG Fiskverkunar. Eigandi alls hlutfjár í KG Fiskverkun er Hjálmar Þór Kristjánsson, bróðir Guðmundar Kristjánssonar.

Samkvæmt upplýsingum í samrunaskrá eiga hvorki Kambur né Grábrók yfir 10% hlut í öðrum fyrirtækjum sem starfa á mörkuðum þar sem áhrifa samrunans gætir.

III.

Skilgreining markaða

Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna samkvæmt 17. gr. c. samkeppnislaga er nauðsynlegt að skilgreina þann markað sem samrunaaðilar starfa á. Samkvæmt 4. gr. laganna er markaður skilgreindur sem sölusvæði vöru og staðgönguvöru eða þjónustu og staðgönguþjónustu. Staðganga er þegar vara eða þjónusta getur að fullu eða verulegu leyti komið í stað annarrar vöru eða þjónustu. Með hliðsjón af hagfræðilegum rökum þarf að líta á viðkomandi markað út frá a.m.k. tveimur sjónarmiðum; annars vegar vöru- eða þjónustumarkaði og hins vegar landfræðilegum markaði. Hafa ber þó í huga að markaðsskilgreiningar í samkeppnisrétti geta ekki orðið nákvæmar og eru aðeins notaðar til viðmiðunar, sbr. t.d. úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 8/2008, *Fiskmarkaður Íslands hf. gegn Samkeppniseftirlitinu*.

Samrunaaðilar telja unnt við skilgreiningu markaða að líta til ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins nr. 10/2013, *Kaup Síldarvinnslunnar hf. á Bergi-Huginn ehf.* Þar hafi í fyrsta lagi verið skilgreindur markaður fyrir viðskipti með aflaheimildir en samrunaaðilar telja að áhrifa samrunans muni gæta að mjög takmörkuðu leyti á þeim markaði. Í öðru lagi hafi markaði fyrir fiskveiðar verið skipt í botnfiskveiðar annars vegar og uppsjávarveiðar hins vegar. Markaðurinn fyrir botnfiskveiðar taki til starfsemi sem felist í veiðum, vinnslu, fiskmörkuðum og útflutningi botnfiskafurða.

Að mati samrunaaðila er sá markaður sem líta beri til í málinu markaðurinn fyrir botnfiskveiðar, þar sem starfsemi samrunaaðila skarist lárétt. Aðkoma hinna keyptu félaga, Kambs og Grábrókar, að veiðum og vinnslu á uppsjávarfiski sé engin.

Hvað landfræðilega markaðinn snertir vísa samrunaaðilar til þess að afurðir þeirra séu nærri alfarið seldar erlendis og því sé ekki ástæða til að líta á markaðinn minni en Ísland. Landfræðilegur markaður málsins takmarkist þá a.m.k. við landið allt.



Samkeppniseftirlitið tekur undir skilgreiningu samrunaaðila á mörkuðum málsins, þ.m.t. landfræðilegum markaði, um að markaðir málsins nái til landsins alls, þ.e. Íslands. Þó er rétt að halda því til haga að undirmarkaðir fyrir einstaka fisktegundir og afurðir kunna að vera til staðar, sbr. t.d. ákvarðanir Samkeppniseftirlitsins nr. 28/2015, *Samruni Lýsis hf. og Akraborgar* og nr. 32/2015, *Samruni Skinneyjar-Þinganes hf. og Auðbjargar ehf.* Ekki er þörf á því fyrir niðurstöðu málsins að taka afstöðu til þess hvort markaður fyrir vinnslu og sölu fisks kunni að vera stærri en Ísland.

IV.

Niðurstaða

Í máli þessu er samruni Brims, Kambs og Grábrókar til skoðunar í samræmi við ákvæði samkeppnislaga. Taka þarf til skoðunar hvort samruninn hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða verði til eða slík staða styrkist á hinum skilgreindu mörkuðum málsins eða verði til þess að samkeppni á markaði raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti, sbr. 1. mgr. 17. gr. c samkeppnislaga nr. 44/2005.

Samrunaaðilar telja að samruninn muni hvorki raska samkeppni né hafa skaðleg áhrif á neytendur. Markaðsráðandi staða verði hvorki til né styrkist á skilgreindum mörkuðum málsins við samrunann. Þá telja samrunaaðilar að samruninn verði ekki til þess að samkeppni á markaði raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti í skilningi 17. gr. c samkeppnislaga. Því telja samrunaaðilar að ekki séu fyrir hendi lagaskilyrði til íhlutunar í samrunann.

Eins og gerð er grein fyrir í kafla I um málavexti og málsmeðferð er það frummat Samkeppniseftirlitsins á þessu stigi að stofnast hafi til sameiginlegra yferráða Útgerðarfélag Reykjavíkur, Fiskitanga, Guðmundar Kristjánssonar, KG Fiskverkunar og FISK-Seafood eignarhaldsfélags í Brimi eigi síðar en 8. september 2019, sbr. c-lið 1. mgr. 17. gr. samkeppnislaga. Um þau ætluðu yferráð var ekki getið í samrunatilkynningu þessa máls. Af því leiði að samrunatilkynningin hafi ekki haft að geyma rétta lýsingu á aðilum samrunans, yferráðum og eignatengslum sem aftur leiddi til þess að umfjöllun um markaðshlutdeild, samkeppnisleg áhrif samrunans og önnur atriði byggðist á röngum forsendum, sbr. viðauka II. við reglur nr. 684/2008.

Eins og rakið hefur verið hefur framangreindu frummati Samkeppniseftirlitsins um stofnun yferráða Útgerðarfélag Reykjavíkur og tengdra aðila í Brimi verið mótmælt af hálfu Útgerðarfélag Reykjavíkur. Þá var því mótmælt af hálfu Brims að slíkt frummat gæti haft áhrif á meðferð samrunamáls Brims, Kambs og Grábrókar.

Þrátt fyrir ágreining um hvort stofnast hefði til yferráða Útgerðarfélag Reykjavíkur og tengdra aðila í Brimi, hefur Samkeppniseftirlitið, sérstaklega í ljósi erindis Brims frá 8. apríl 2020 og annarra samskipta, ákveðið að leggja efnislegt mat á samruna Brims, Kambs og Grábrókar. Í eftirfarandi efnislegu mati á samrunanum verður frummat stofnunarinnar um stofnun yferráða í Brimi hins vegar lagt til grundvallar.

Ákvörðun eftirlitsins um að taka samrunann til efnislegrar meðferðar þrátt fyrir ágreining um fullnægjandi upplýsingar í samrunatilkynningu felur hins vegar ekki í sér nokkra viðurkenningu á sjónarmiðum Brims um að ekki hafi verið lögð umfjöllun um hinn tilkynnta samruna við afstöðu Samkeppniseftirlitsins til meintra yferráða í Brimi.



Samkeppniseftirlitið mun hefja sjálfstæða rannsókn á því hvort stofnast hafi til yfirráða Útgerðarfélags Reykjavíkur og tengdra aðila í Brimi og þá um leið hvort tilkynningarskyldur samruni hefði verið framkvæmdur af hálfu aðila í andstöðu við 3. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga.

Í eftirfarandi umfjöllun um samruna Brims, Kambs og Grábrókar verður vísað til Brims, Kambs og Grábrókar sem samrunaaðila en Útgerðarfélags Reykjavíkur, KG Fiskverkunar og Ögurvíkur, dótturfélags Brims, sem tengdra aðila.

Samkvæmt upplýsingum í samrunaskrá fékk Brim úthlutað 9,43% af heildaraflamarki fiskveiðiárin 2018/2019 og 2019/2020 eftir þorskígildum. Fiskveiðiárið 2019/2020 hafi Kambur fengið úthlutað um 0,58% af krókaafلامarki af heildaraflamarki. Þá hafi Grábrók fengið um 0,21% af krókaafلامarki af heildaraflamarki. Samkvæmt því sé sameiginleg markaðshlutdeild samrunaaðila í fiskveiðum um 10,22% af heildaraflamarki, þar af 0,79 prósentustig krókaafلامark af heildaraflamarki. Í samrunaskrá er aflamarks Ögurvíkur ekki sérstaklega getið.

Samkvæmt upplýsingum frá Fiskistofu var aflahlutdeild Brims nokkru hærri en tilgreint var í samrunaskrá eða 10,13% af heildarafla miðað við þorskígildistonn hinn 31. mars 2020. Hlutdeild Útgerðarfélags Reykjavíkur nam á sama tíma 3,51% af heildaraflamarki, hlutdeild Ögurvíkur 1,55% og hlutdeild KG Fiskverkunar 1,04%. Þá nam hlutdeild Kambs (í gegnum Grunn) 4,51% miðað við krókaafلامark en 0,5% af heildaraflamarki. Loks nam hlutdeild Grábrókar 1,62% miðað við krókaafلامark en 0,18% af heildaraflamarki.

Samkvæmt samrunaskrá var aflahlutdeild samrunaaðila miðað við einstaka fisktegundir sem hér segir (ekki allar tegundir tilgreindar í samrunaskrá):

Lögaðili	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi	Langa	Blálanga	Keila	Steinbítur	Hlýri
Brim	6,1%	6,9%	18,6%	27,5%	3,9%	5,8%	0,2%	2,1%	7,2%
Kambur	0,7%	0,7%	1%	0,0%	0,3%	0,0%	0,2%	1,3%	0,5%
Grábrók	0,3%	0,3	0,1%	0,0%	0,0%	0,0%	0,3%		

Ekki fæst séð að hlutdeild Brims, Kambs og Grábrókar í einstökum tegundum hafi tekið miklum breytingum frá því samruninn var tilkynntur og fram til 31. mars 2020. Samkvæmt upplýsingum Fiskistofu var hlutdeild Útgerðarfélags Reykjavíkur, Ögurvíkur og KG Fiskverkunar í einstökum fisktegundum sem hér segir hinn 31. mars 2020 (ekki allar fisktegundir tilgreindar):

Lögaðili	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Djúpkarfi	Langa	Blálanga	Keila	Steinbítur	Hlýri
Útgerðarfélag Reykjavíkur	0,3%	1,5%	4,1%	18,3%	2,3%	5,1%	3,8%	1,8%	3,9%



Ögurvík	1,1%	1,3%	2,5%	4,6%	0,3%	1,2%	0,0%	0,4%	1,9%
KG Fiskverkun	1,3%	0,6%	0,8%	0,4%	2,2%	0,4%	2,3%	1,3%	4,4%

Samrunaaðilar telja að markaðshlutdeild þeirra á markaðnum fyrir botnfiskveiðar verði í beinu hlutfalli við sameiginlega aflahlutdeild þeirra. Hvað markaðinn fyrir vinnslu, fiskmarkaði og útflutning botnfiskafurða varðar þá séu afurðir samrunaaðila að mestu leyti seldar erlendis og því ekki unnt að halda því fram að þeir séu í markaðsráðandi stöðu fyrir vinnslu eða útflutning á botnfiski, hvorki fyrir né eftir hinn fyrirhugaða samruna.

Sé litið til markaðshlutdeildar samrunaaðila, sem byggir m.a. á upplýsingum Fiskistofu, má sjá að samanlagt nam hlutur samrunaaðila og tengdra aðila um 16,91% af heildaraflamarki miðað við þorskígildi, þar af 0,68 prósentustig krókaafلامark af heildaraflamarki miðað við 31. mars 2020. Hins vegar er ljóst að hlutdeild samrunaaðila og tengdra aðila er umtalsverð sé horft til einstakra fisktegunda. Það hefur að mati Samkeppniseftirlitsins þó ekki áhrif á niðurstöðu málsins. Hins vegar kynni aukin hlutdeild samrunaaðila og tengdra aðila í einstökum fisktegundum að kalla á frekari rannsókn ef slíkar aðstæður skapast.

Með hliðsjón af hlutdeild samrunaaðila og tengdra aðila á skilgreindum mörkuðum þessa máls verður ekki séð að samruninn leiði til þess að markaðsráðandi staða verði til eða styrkist eða samruninn leiði til þess að samkeppni raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti, sbr. 17. gr. c samkeppnislaga. Í ljósi þessa og með hliðsjón af gögnum málsins er það mat Samkeppniseftirlitsins að ekki sé ástæða til að aðhafast frekar vegna samruna Brims, Kambs og Grábrókar á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.



**V.
Ákvörðunarorð**

„Kaup Brims hf. á öllu hlutafé Fiskvinnslunnar Kambs hf. og Grábrókar ehf. fela í sér samruna í skilningi 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005. Samkeppniseftirlitið telur ekki forsendur til þess að hafast frekar að vegna samrunans.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson